

Sþ.

533. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað fallizt á, að nokkra nauðsyn bæri til að samþ. þáltill. þá, sem hér ræðir um. Þetta er þó alls ekki af því, að ég sé andvígur efni tillögunnar, það sem það nær, heldur af hinu, að ég tel, að Alþingi hafi mjög nýlega gert samþykkt, sem m. a. nái yfir þau verkefni, sem tillagan fjallar um, og því sé ekki aðeins óþarft, heldur einnig óviðeigandi að gera um það aðra samþykkt, á meðan verið er að vinna að verkefnum.

Á síðasta þingi fluttu þrír þingmenn Sósíalístaflokksins eftirfarandi „tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði“, — og var hún samþykkt í sameinuðu Alþingi 9. febr. s. l.:

„Alþingi ályktar að fela Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi verkefni:

1. Að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust eru skilyrði með tilliti til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. s. frv. til landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum með aukið þéttbýli og stofnun byggðahverfa fyrir augum.
2. Að gera áætlun um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna með hliðsjón af rannsókn þeirri, er greinir í 1. lið, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.
3. Í sambandi við ofangreinda rannsókn að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum á landinu og um fyrirkomulag þeirra, og skulu verkefni þeirra vera m. a. að gera tilraunir í ræktun og búrekstri, halda námskeið fyrir bændur o. s. frv.

4. Að undirbúa löggjöf um framkvæmdir og aðstoð við landbúnaðinn á grundvelli þess undirbúningsstarfs, sem að ofan greinir, og að endurskoða gildandi búnaðarlöggjöf, til að greiða fyrir þróun landbúnaðarins í samræmi við þær niðurstöður, sem rannsókn sú, er um getur í 1. lið, leiðir í ljós.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.“

Það er augljóst mál, að sú „athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar“, sem er aðalefni tillögunnar á þskj. 51, fellur undir 1. lið þingsályktunarinnar frá 9. febrúar. Hins vegar má segja, að í þeirri þingsályktun sé ekki beinum orðum kveðið á um rannsókn þess, hversu háttáð sé eignarrétti og umráðum á landi því, sem sérstaklega kemur til greina í þessu efni. En þó er alveg augljóst, að 4. liður þingsályktunarinnar frá 9. febr. felur þetta í sér, því að ekki er hægt að undirbúa, svo að í lagi sé, þá löggjöf, sem þar er talað um, nema fyrir liggi upplýsingar um umráðarétt á landi því, sem nota ætti til nýbyggðarinnar. Enda hefur búnaðarfélagið lagt fyrir nefnd þá, sem það hefur sett til að vinna verkefni samkv. samþykkt Alþingis 9. febr. s. l., að afla upplýsinga um eignarrétt á fasteignum í sveitum landsins.

Þá er í rauninni aðeins það eftir af efni tillögunnar á þskj. 51, að nýbýlastjórn ríkisins séu falin verkefni, sem þar greinir.

Eins og fyrr segir, felast verkefni sjálf í samþykkt Alþingis frá 9. febr. s. l. Það virðist því ekki aðeins óþarft að gera um þau nýja samþykkt, heldur einnig mjög óviðeigandi, að Alþingi fari nú að fela þau öðrum aðila, á meðan Búnaðarfélagið er að láta vinna verkin samkvæmt fyrirmælum Alþingis. Enda mun Búnaðarfélagið bezt fallið til þessara starfa, sem m. a. má marka af því, að einn af þremur mönnum í nýbýlastjórn ríkisins, sem einnig á sæti í allsherjarnefnd sameinaðs þings, lýsti því þar yfir, að ef samþykkt yrði tillagan á þskj. 51, mundi nýbýlastjórn fela búnaðar-samböndunum framkvæmd verkefnanna.

Ég leyfi mér því að leggja til, að þingsályktunartillögunni á þskj. 51 verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í fullu trausti þess, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi verkefni þau, sem sameinað Alþingi fól því 9. febr. 1943 með samþykkt þingsályktunar um ráðstafanir til eflingar íslenskum landbúnaði, í samráði við nýbýlastjórn ríkisins að því leyti, sem þau varða hana, og með hliðsjón af því, hversu háttáð er eignar- og umráðarétti á landi því, sem það telur bezt fallið til ýmiss konar landbúnaðarframleiðslu, sér sameinað Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja þingsályktunartillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Steingr. Aðalsteinsson,
fundaskr.